

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurþings á Húsavík 18. september 2017 kl. 13:15.

Fundinn sátu framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs.; Dagbjört Jónsdóttir Kristján Þór Magnússonar, sem ritaði fundargerð, Steinþór Heiðarsson og Þorsteinn Gunnarsson (í síma). Sigurður Þór Guðmundsson og Elías Pétursson forfallaðir.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, þetta gerðist:

### 1. Þóknun vegna nefndarstarfa

Á fulltrúaráðsfundinum í vor var talið eðlilegt að þóknun fyrir nefndarstörf á vegum byggðasamlagsins yrði til samræmis við það sem nú gildir fyrir fastanefndir Norðurþings. Um yrði að ræða hækkingu frá því sem nú er, þar sem greitt hefur verið til samræmis við greiðslur til minni nefnda hjá sveitarfélaginu.

Framkvæmdastjórn leggur til að greiðslur til nefndarfélks hækki sem þessu nemur á komandi fjárhagsári.

### 2. Aldursgreining íbúa í Þingeyjarsýslu – samantekt Þekkingarnets Þingeyinga

Fyrir fundinum liggur skýrsla frá ÞP um aldersgreiningu íbúa á svæðinu sem framkvæmdastjórn leggur til að vísað verði til kynningar í stjórn Dvalarheimilis Hvamms á Húsavík og í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

### 3. Sameiginleg atvinnustefna aðildarsveitarfélaganna

Framkvæmdastjórn tók til umræðu ákvörðun stjórnar Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga um að móta sameiginlega atvinnustefnu fyrir héraðið. Frekari umræðum vísað til næsta fundar.

### 4. Húsnæðismál

Ræddar voru hugmyndir sem sveitarfélögin hafa á borðinu frá Búfesti hsf. um samstarf til uppbyggingar íbúðahúsnæðis á svæðinu. Lagt er til að efnt verði til sameiginlegs fundar við framkvæmdastjóra Búfesti og að kjörnum fulltrúum aðildarsveitarfélaganna verði boðið til hans.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00